

NÁMSKRÁ

Smiðja 1 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁR

Smiðja 1-1

Námskrá númer 22-540-1-160

VINNUSTUNDIR NÁMSMANNSS

160 klukkustundir

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki eldra en 18 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki

FJÖLDI EINGA

Allt að 8 framhaldsskólaeiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Fyrsta útgáfa, 2022.

Efnisyfirlit

NÁMSKRÁ	4
TITILL: SMÍÐJA 1 – 1	4
LÝSING.....	4
INNÞÖKUSKILYRÐI	4
MARKHÓPUR.....	4
HÆFNIVIÐMIÐ.....	5
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	5
Þekkingarviðmið:.....	5
Leikniviðmið:	5
Hæfniviðmið:	5
SKIPULAG	6
NÁMSMAT	6
STARFSNÁM.....	6
UMFANG OG INNIHALD	6
YFIRLITSTAFLA	6
NÁMSÞÆTTIR.....	7
VERKEFNI Í SMÍÐJU 1 – 1.1 F-SMÍÐ1VS (22).....	7
VERKLAG OG VINNUBRÖÐ 1 – 1.2 F-SMÍÐ1VV (21).....	8
ÞJÁLFUN OG VINNA 1 – 1.3 F-SMÍÐ1PV (20).....	9
VINNAN Í SMÍÐJU 1 – 1.4 F-SMÍÐ1VU (19).....	10
VIÐAUKI VIÐ SMÍÐJU	11
<i>Verkdagbók</i>	11

Námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám og námslýsingum FA.

Titill: Smiðja 1 – 1

Lýsing

Námskráin, **Smiðja 1 – 1**, lýsir námi á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námskráin telst sú fyrri af tveimur á fyrsta hæfniprepi. Megintilgangur með Smiðju 1 – 1 er að nemar geti tekið sín fyrstu skref við að kynna og ná tökum á verkþáttum sem lýst er í námslýsingu hvernar vinnustofu og að nemar nái tökum á tilteknum (vinnu)aðferðum sem beita þarf. Áhersla er á að nemar fái þjálfun eins og hæfir, öðlist verkunnáttu og þjálfun þar sem reynir á bæði samhæfingu og sköpunarkraft. Í því felst m.a. að nemar fái bæði munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar í smiðjunni og stuðning ef þarf. Markmið með smiðju 1 er að efla hæfni í verkefnum sem smiðjan fæst við og því rík áhersla lögð á að nám fari fram við eins raunverulegar aðstæður og kostur er.

Smiðju 1 – 1 er ætlað að styðja við og efla hæfni einkum í verklegum störfum þar sem nemar ávinna sér þekkingu og þjálfu leikni með hagnýtum viðfangsefnum. Í því felst að vinna og leysa verkefni sem er starf, eða hluti af starfi, sem tilheyrir fjölbreyttum vettvangi við list- og verkgreinar. Við námið (í smiðju) læra og þjálfast nemar við að vinna verkin á vandaðan og hagkvæman hátt með öryggi sitt og annarra í huga. Áhersla er á þjálfun í notkun orða yfir hugtök, verkfæri og efni sem eiga við hverju sinni í samræmi við vinnustofuna. Jafnframt er áhersla á almenna starfshæfni þátttakenda. Í Smiðju 1 – 1 eru ekki gerðar kröfur um að þátttakandi geti unnið verkið án aðstoðar en gert er ráð fyrir að nemi geti með aðstoð náð markmiðum námsins. Námsþættir smiðjunnar eru teknir fyrir frá eitt til fjögur, eða að einhverju marki samhliða út frá númerum.

Námskráin er skrifuð sem snið fyrir fræðsluaðila til að útfæra lýsingar í verk- og/eða listgreinum (námslýsingar/lýsingar á vinnustofum/námskeiðum). Í því felst að

- FA er ábyrgt fyrir því að lýsing á vinnustofu fyrir Smiðju uppfylli kröfur til námskrár FA. Í því felst að fræðsluaðilar þurfa að fá lýsingar samþykktar hjá FA sem svo birtir þær á vef undir námskrá þeirrar smiðju sem við á. Fræðsluaðilar fá sniðmát FA til að útbúa lýsingu verkefnis fyrir námskrá.
- Lýsing vinnustofunnar byggir á námskránni **Smiðja 1 – 1** og er þannig merkt.
- Heildar vinnuframlag nema samkvæmt námskránni er 160 klukkustundir. Námið skiptist í fjóra námsþætti.

Með smiðju er fyrst og fremst leitast við að byggja upp og styrkja verklega hæfni í ýmsum störfum. Helstu áhersluatriði eru hagnýt viðfangsefni af ýmsum toga. Nemar læra og þjálfast í að vinna verkin svo haganlega sem lagt er upp með (kennt er) auk þess að leggja sig fram um að tímaáætlun standist.

Smiðja á 1. þrepi er einkum ætluð byrjendum eða nýliðum. Ekki er gert ráð fyrir viðbótar vinnuframlagi nema utan 160 klukkustunda sem eru með leiðbeinanda.

Námið er 160 klukkustundir að lengd, fjórir námsþættir og 8 einingar. Við námslok, er mögulegt að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Inntökuskilyrði

Fullorðið fólk, 18 ára eða eldra, sem á stutta formlega skólagöngu að baki.

Markhópur

- ✓ einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- ✓ einstaklingar / fólk í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni

- ✓ einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku
- ✓ einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan formlegs framhaldsskóla- og háskólakerfis
- ✓ einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið mæla þá hæfni sem nemar þurfa að búa yfir að námi loknu, þau lýsa færni/stöðu námsmanns við námslok og endurspegla breyttar áherslur í fræðslumálum um allan heim. Þannig er neminn í brennidepli svo sjónarhorninu hefur verið snúið frá því að horfa á hvað leiðbeinandinn gerir yfir í það að horfa á hvaða hæfni nemi þarf að búa yfir við námslok.

Áður:	Nú:
<ul style="list-style-type: none">• Kennsla• Hvað þarf að kenna einstaklingi?	<ul style="list-style-type: none">• Færniuppbygging• Hvað þarf einstaklingurinn að vera fær um að gera?

Almennt eru notaðar tvær gerðir hæfniviðmiða, hæfniviðmið (lokaviðmið) náms/námsleiða og hæfniviðmið námsþátta (áfanga). Í hæfniviðmiðum er einstaklingur í námi aðal sjónarhornið, þ.e. hvað einstaklingurinn lærir, í stað þess að einblína á hvað leiðbeinandinn gerir. Nám einstaklingsins er aðalatriði og viðmiðin segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni sá/sú sem lýkur námi þarf að búa yfir. Hæfniviðmiðin skulu vera mælanleg og því mikilvægt að þau séu skýrt orðuð og beri með sér hvað einstaklingur á að geta gert við lok náms.

Hæfniviðmið varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Þau vísa til þekkingar jafnt sem vinnubragða. Hver námsþáttur hefur skilgreind hæfniviðmið sem námsfólk hefur kost á að uppfylla með mismunandi hætti og er þeim lýst með hverjum námsþætti fyrir sig. Auk þess eru sett hæfniviðmið fyrir lok námsleiðarinnar sem heildar og eru þau hér fyrir neðan.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi þurfa nemar að búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekkingarviðmið:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum fagorðum tengdum verkefnum
- hvernig helstu efni sem þarf til verkanna eru notuð
- (notkun á) áhöldum og búnaði
- leiðbeiningum sem koma fram í smiðju
- aðbúnaði, öryggi í og við verkið
- mikilvægi samvinnu og jákvæðs viðhorfs
- notkun verkdagbókar.

Leikniviðmið:

Nemi skal, með stuðningi, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja fyrirmælum leiðbeinanda
- nota efnin sem unnið er með
- nota áhöld sem vinnan krefst
- fylgja öryggisreglum.

Hæfniviðmið:

Nemi skal, með stuðningi, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:



- vinna verk eftir fyrirætlunum leiðbeinanda og velja efni og áhöld
- tryggja öryggi sitt á verkstað í samráði við leiðbeinanda
- vinna með öðrum í smiðju
- nota verkdagbók.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með námsleiðinni, nemendahópnum, leiðbeinendum og allri framkvæmd. Einnig að leiðbeinendur skili og kynni nemendum kennsluáætlun hvers námsþáttar.

Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi, ber ábyrgð á þjónustu við þátttakendur. Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluáðferðir sem henta fullorðnum, beiti samþættingu og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni í innlögn og þjálfun. Miðað er við að verkþjálfun fari fram samhliða til að styðja við yfirfærslu náms þegar það á við.

Námsmat

Námsárangur og námsframvinda er metin út frá hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun.

Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema og áhersla lögð á að leiðbeinandi og nemar fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig nemum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Starfsnám

Nei, ekki er um eiginlegt starfsnám að ræða en námið er einkum starfstengt með uppbyggingu og aukinni þjálfun til þeirra verka og verkefna sem viðkomandi smiðja nær til.

Smiðja 1 er að stærstum hluta þjálfun við ákveðin störf eins og fram kemur í lýsingu námskrárinnar.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í fjóra námsþætti.

Í náminu er starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við viðfangs- og úrlausnarefni sem staðið er frammi fyrir í starfi, einkalífi eða í samfélaginu með það leiðarljós að heildarmarkmið námsins náist.

Yfirlitstafla

Smiðja 1 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	Þrep
Verkefni í smiðju 1-1.1	F- SMIÐ1VS (22)	20	20	0	1
Verklag og vinnubrögð 1-1.2	F- SMIÐ1VV (21)	40	40	0	1
Þjálfun og vinna 1-1.3	F- SMIÐ1ÞV (20)	50	50	0	1
Vinna 1-1.4	F- SMIÐ1VU (19)	50	50	0	1
Vinnuframlag nema		160	160	0	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: nei

Námsþættir

Heiti námsþátt a kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþáttar úr namskra.is

Verkefni í smiðju 1 – 1.1

F-SMIÐ1VS (22)

Prep	1
Vinnustundir	20
Námshgrein	Smiðja, verkefni 1
Viðfangsefni	efni, skipulag, vinnuumhverfi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að veita nemum stuðning til að ná tökum á grundvallarþáttum sem verkefni smiðjunnar snúast um. Miðað er við að styrkja huga og hönd við verklega vinnu. Nemar fá kynningu á því vinnuumhverfi sem verkefni smiðjunnar snúa að og fræðslu um umhverfið út frá eigin heilsu, öryggi og umhverfi. Áhersla er á að nemar fái bæði munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar í smiðjunni.

Verkefnin eru skoðuð út frá hagkvæmni til að nemar nái sem allra best tökum á að vinna að verkefninu.

Kynnt er efnisval, meðhöndlun efnis og aðrir mikilvægir þættir sem lúta að efni til verkefnis, á hvaða formi sem efnið kann að vera (fast í hendi eða huglægt).

Fjallað um skipulagningu verkefnis, þau skref sem taka þarf og röð skrefa ef við á, verklag og hvernig gott er að haga framkvæmdinni. Hvað skiptir máli fyrir vinnuumhverfi verkefnisins, góður frágangur við verklok.

Kynnt er gerð og notkun verkdagbókar fyrir verkefnið. Nemar hefja / leggja drög að verkefni fyrir smiðjuna í samráði við leiðbeinanda.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal, með stuðningi, hafa fengið fræðslu um:

- hvert verkefnið er
- hvað þarf að gera til að ná að gera verkefnið
- hvernig er best að bera sig að við verkefnið
- mikilvægi teikninga.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi, hafa öðlast leikni í að:

- fást við verkefni smiðjunnar
- skoða val á efni til verkefnis
- skoða verkefni út frá skipulagningu.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- taka þátt í umræðum um úrlausn verkefnis
- gera verkdagbók.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



Verklag og vinnubrögð 1 – 1.2

F-SMIÐ1VV (21)

Þrep	1
Vinnustundir	40
Námsgrein	Smiðja, verklag 2
Viðfangsefni	verklýsing, verkþættir, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar skilji mikilvægi þess að vinna verkefni af alúð og natni. Vinnuumhverfi fyrir verkefni smiðjunnar er þekkt og nemar fá fræðslu um umhverfið út frá ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi.

Nemar fá verklýsingu til verksins og er lýsingin lesin og rýnd, farið yfir alla verkþætti sem til verkefnis teljast. Rætt um skipulegan undirbúning og mögulegar leiðir við úrlausn verkefnis. Skref verkþátta skoðuð og rædd. Þá er farið yfir mikilvæg vinnubrögð sem gott er að temja sér við verkefnið. Umræður um efni / efnistöð og sértækar leiðir ef slíkra er þörf. Teikningar skoðaðar ef við á ásamt öðrum þáttum sem til geta fallið. Nemar æfa og þjálfva vinnubrögð við einstaka verkþætti. Nemar vinna að verkefnum í samráði við leiðbeinanda.

Forkröfur: Samhliða verkefni í smiðju 1–1.1 – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal, með stuðningi, hafa fengið fræðslu um:

- mikilvægi þess að sýna natni við vinnuna
- mikilvægi verklýsingar fyrir verkefni
- að nota teikningar/myndir við verkefni
- vinnubrögð sem þarf að nota við verkefni
- skipulag við framkvæmd verkefnis.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi, hafa öðlast leikni í að:

- beita vinnubrögðum sem til er ætlast við verkefni
- fara eftir teikningum, ef við á
- vinna verk eftir röð verkþátta.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna virkni við æfingar og þjálfun
- gera verkefninu góð skil út frá áætlun
- gera verkdagbók.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þjálfun og vinna 1 – 1.3

F-SMÍÐ1ÞV (20)

Þrep	1
Vinnustundir	50
Námsgrein	Smiðja, þjálfun 3
Viðfangsefni	vinna, þjálfun í vinnubrögðum

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að nemar tileinki sér, með stuðningi, færni sem til þarf við skilgreint verk, hvort sem er hluti eða heild verkefnisins. Fjallað er um tegundir efna og eiginleikar þeirra ásamt umfjöllun og umræðu um efnisval fyrir verkefni. Þátttaka í umræðu um mikilvægi ákveðinna vinnubragða í tengslum við verkefni og líkamsbeitingu við þau verkefni sem um ræðir. Þjálfuð er meðferð verkfæra sem til verksins þarf. Þá er samhliða gert ráð fyrir beinni leiðsögn og þjálfun í vinnubrögðum, að nemar æfist í að ganga skipulega til verksins og þjálfist um leið við að vinna af öryggi.

Forkröfur: Samhliða smiðju, verklag og vinnubrögð 1–1.2 – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal, með stuðningi, hafa fengið fræðslu um:

- verkfæri sem nota þarf
- meðhöndlun verkfæranna
- tegundir efna til verksins
- skipulagningu verkefnis.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi, hafa öðlast leikni í að:

- taka leiðsögn við verklega þjálfun
- beita vinnubrögðum sem til verksins þarf
- nota sérstök verkfæri við verkið
- spyrja út í áætlun.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna virkni við úrlausn verkefnis
- gera verkefninu góð skil út frá áætlun
- gera lýsandi verkdagbók.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Vinnan í smiðju 1 – 1.4

F-SMIÐ1VU (19)

Þrep	1
Vinnustundir	50
Námsgrein	Smiðja, verefni 4
Viðfangsefni	Verkið unnið (vinna)

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nema náí sem bestum tókum á vinnu verkefnis með því markmiði að ná að ljúka verkinu. Áhersla er á að efla sjálfstæði nema til verksins og þeirra verkefna sem lúta að verkinu. Lögð eru drög að sjálfstæðri skipulagningu vinnunnar út frá verkefni og verkfærum sem til þarf, eftir því sem kostur er. Undir lokin fara nemi og leiðbeinandi yfir árangur sem náðst hefur í smiðjunni.

Forkröfur: Samhliða smiðju þjálfun og vinna 1-1.3 – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Nemi skal, með stuðningi, hafa fengið fræðslu um:

- verkefnið sem eina heild
- hvern verkþátt fyrir sig
- skipulagningu verksins
- virkni þeirra verkfæra sem notuð eru
- námsmat við lok smiðjunnar.

Leikniviðmið: Nemi skal, með stuðningi, hafa öðlast leikni í að:

- vinna að verkefninu
- temja sér skipulagningu vinnunnar fyrir hvern dag
- spyrja og safna upplýsingum til vinnunnar.

Hæfniviðmið: Nemi skal, með stuðningi, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna virkni við úrlausn verkefnis
- gera verkefninu góð skil út frá áætlun
- auka á sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



Viðauki við Smiðju

Verkdagbók

Forsíða

Nafn nema:

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók safnarðu efni til þess að:

- auðvelda þér upprifjun á efni smiðjunnar
- þú og leiðbeinendur eigið auðveldara með að meta framvindu og árangur verkefna og náms
- hafa vitnisburð um viðfangsefni og árangur þinn ef þú vilt sýna öðrum verkdagbókina.

- Nauðsynlegt er að færa í verkdagbók daglega, eða þegar unnið er við verk.
- Framsetning efnis getur verið texti, riss, teikning, ljósmynd, myndskleið og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem nemi kýs að færa verkdagbók.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
 - verklýsing, áætlun, uppgjör og annað um undirbúning, skipulag og framvindu verks
 - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir
 - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

